

Upplýsingarnefnd LÞN

FUNDARGERÐ

Fundur haldinn að Bárugötu 35, fimmtudaginn 7.07.2005:

Mættir: J., L., P., Pá. og Vi.. Ei. og S. boðuðu forföll.

Milli funda gerðist þetta:

Þjónusturáðstefna AA-samtakanna á Íslandi var haldin í Safnaðarheimili Hafnarfjarðarkirkju laugardaginn 28. maí 2005 og flutti Vi. skýrslu Upplýsingarnefndar LÞN þar. Engar athugasemdir voru gerðar við hana.

Á þjónusturáðstefnunni voru kjörnir tveir nýir fulltrúar í nefndina: L. og Pá., þau koma í stað Ey. og Va., er báðir höfðu átt sæti í nefndinni í tvö ár.

Þetta var helst rætt:

- Vi. sagði frá því, sem gerðist á þjónusturáðstefnunni og varðaði Upplýsingarnefndina. Þar kom m.a. fram að enginn kynningarfundur hafði verið haldinn með fulltrúum staðbundinna upplýsingarnefnda í tengslum við þjónusturáðstefnuna. Í tengslum við þetta var komið inn á hve dauft væri yfir tólftaspors-starfi víðast hvar úti á landsbyggðinni og nauðsyn þess að reyna að efla það og styðja við það, m.a. með því að kynna AA-fólki þar hvernig hægt er að gera starfsemi samtakanna á svæðinu sýnilegri og styðja við grasrótina.
- Reynt var að skýra fyrir hinum nýju meðlimum nefndarinnar hlutverk hennar og í tengslum við það var þeim lofað eintaki af **Þjónustuhandbók fyrir upplýsingarnefndir** við allra fyrsta tækifæri (ekki seinna en innan viku).
- Rætt var um sumarstarfið og tók L. að sér að verða tengiliður fyrir Vestfirði, en Pá. fyrir Suðurlandið.
- Rætt var um að byrja strax á því að undirbúa kynningarfund með stað- eða svæðisbundnum upplýsingarnefndum og áhugasömum aðilum um myndun slíkra nefnda.
- Rætt var um þörfina á að gefa Þjónustuhandbók fyrir upplýsingarnefndir sem fyrst út í “pésa” formi, en umræðu frestað til næsta fundar þegar fulltrúi Útgáfunnar verður væntanlega viðstaddur.
- Loks var ræddur nýr fundardagur fyrir nefndina þar sem fimmtudagur virðist henta mörgum illa og var ákveðið að færa fundina yfir á fyrsta miðvikudag í mánuði í von um að þeir henti mönnum betur. Næsti fundur Upplýsingarnefndar LÞN verður því miðvikudaginn 3. ágúst nk. á sama stað og tíma.
- Ýmislegt fleira bar á góma, en ekki teknar neinar sérstakar ákvarðanir varðandi það.

Næsti fundur Upplýsingarnefndar LÞN: **Miðvikudaginn 3.08.2005**, kl. 20:00 á heimili oddamanns að Bárugötu 35, Reykjavík. **Athuga breyttan fundardag!**

Á fundinum liggur fyrir:

- Undirbúningur undir kynningarfund með stað- og svæðisbundnum upplýsingarnefndum og áhugasömum aðilum í haust (september?).

Það er aðeins tillaga oddamanns að framfari umræða um ofanskráð atriði, en að sjálfsögðu eru önnur umræðuefni velkomin og vel þegin!

Bestu kveðjur. J.

Upplýsingarnefnd LPN

FUNDARGERÐ

Fundur sem halda átti að Bárugötu 35, miðvikudaginn **3.08.2005**:

Mættir: J., en enginn annar. Ei. og Vi. boðuðu forföll.

Fundurinn féll því niður.

- Það er spurning hvort breyttur fundardagur á sök á lélegum mætingum?
- Spurning hvort ekki er rétt að miða að kynningarfund með stað- og svæðisbundnum upplýsingarnefndum og áhugasömum aðilum um miðjan október.

Næsti fundur Upplýsingarnefndar LPN: **Miðvikudaginn 7.09.2005**, kl. 20:00 á heimili oddamanns að Bárugötu 35, Reykjavík. **Munið nú að fundardegi hefur verið breytt!**

Á fundinum liggur fyrir:

- Undirbúningur undir kynningarfund með stað- og svæðisbundnum upplýsingarnefndum og áhugasömum aðilum í haust eða vetrarbyrjun.
- Endurskoðun og aðlögun Þjónustuhandbókar fyrir upplýsingarnefndir að íslenskum aðstæðum og útgáfa hennar.

Það er aðeins tillaga oddamanns að framfari umræða um ofanskráð atriði, en að sjálfsögðu eru önnur umræðuefni velkomin og vel þegin!

Bestu kveðjur. J.

Upplýsingarnefnd LPN

FUNDARGERÐ

Fundur haldinn að Báraugötu 35, **miðvikudaginn 7.09.2005:**

Mættir: J., L., Pá., P. og Vi.. Ei. boðaði forföll.

Þetta var helst rætt og ákveðið:

- Upplýsingarnefnd Samstarfsnefndar Reykjavíkur hefur farið fram á, að fá til notkunar tíu eintök af handriti Þjónustuhandbókar fyrir upplýsingarnefndir. Með tilliti til þess, að fyrirsjáanlegur er langur dráttur á útgáfu handritsins í endurskoðaðri og staðfærðri mynd, þótti rétt að leyfa upplýsingarnefnd SR að fjölfalda innihald möppunnar í tíu eintökum og dreifa til meðlima hennar í samráði við oddamann Upplýsingarnefndar LPN.

Nefndin haldi utan um í hverra hendur handritin fara og miðli Upplýsingarnefnd LPN reynslu af notkun handbókarinnar í starfi og athugasemdum um það, sem betur mætti fara og/eða hentar ekki íslenskum aðstæðum.

P. kemur boðum um þetta til skila við oddamann upplýsingarnefndar SNR.

- Ákveðið var að halda kynningarfund með stað- og svæðisbundnum upplýsingarnefndum, eða öðrum áhugasömum aðilum, laugardaginn 5. nóvember nk. klukkan 15-16.

Fundarstaður var ekki ákveðinn að svo stöddu. Sjá fyrst hvernig þátttaka verður.

Skrifstofunni falið að senda út sem fyrst boðsbréf á fundinn til allra deilda á landinu.

Jóhannes útbúi uppkast að boðsbréfi og sendi nefndarmönnum í tölvupósti áður en skrifstofan fær það til útsendingar.

Þáttökutilkynningar berist til skrifstofu, J., eða L. í síma eða með tölvupósti innan 4-5 vikna.

- Oddamaður verður erlendis og því forfallaður næsta fasta fundardag nefndarinnar. L. mun taka að sér að halda fundinn heima hjá sér.

Næsti fundur Upplýsingarnefndar LPN: **Miðvikudaginn 5.10.2005**, kl. 20:00 á heimili

L. **Athuga breyttan fundarstað!**

Á fundinum liggur fyrir:

- Gangur undirbúnings fyrir kynningarfund með stað- og svæðisbundnum upplýsingarnefndum, eða öðrum áhugasömum aðilum.

Það er aðeins tillaga oddamanns að framfari umræða um ofanskráð atriði, en að sjálfsgöðu eru önnur umræðuefni velkomin og vel þegin!

Bestu kveðjur. J.

Upplýsingarnefnd LFN

FUNDARGERÐ

Fundur upplýsingarnefndar LFN, sem vera átti **miðvikudaginn 5.10.2005**, féll niður því miður af óviðráðanlegum ástæðum.

Þetta gerðist (og gerðist ekki) milli funda:

Oddamaður upplýsingarnefndar SNR hafði samband varðandi leyfi til að fjölríta handrit Þjónustuhandbókar upplýsinganefnda eins og rætt var á fundi í sept. sl. Gengið var frá því hvernig að því skyldi staðið.

Því miður virðast undirtektir varðandi kynningarfundinn, sem vera átti nk. laugardag, vægast sagt heldur dræmar þar sem oddamanni er ekki kunnugt um að nein þátttökutilkynning hafi borist ennþá.

Næsti fundur Upplýsingarnefndar LFN: **Miðvikudaginn 2.11.2005**, kl. 20:00 á venjulegum fundarstað að heimili oddamanns að Bárugötu 35, Reykjavík

Á fundinum liggur fyrir:

- Gangur undirbúnings fyrir kynningarfund með stað- og svæðisbundnum upplýsingarnefndum, eða öðrum áhugasömum aðilum, laugardaginn 5. nóvember nk. klukkan 15-16.
- Útgáfa Þjónustuhandbókar fyrir upplýsingamefndir.

Það er aðeins tillaga oddamanns að framfari umræða um ofanskráð atriði, en að sjálfsögðu eru önnur umræðuefni velkomin og vel þegin!

Bestu kveðjur. J.

Upplýsingarnefnd LPN

FUNDARGERÐ

Fundur haldinn að Bárugötu 35, **miðvikudaginn 2.11.2005:**

Mættir: Ei., G.K., J., L. og Pá.. P. og Vi. boðuðu forföll.

Þetta var helst rætt og ákveðið:

- Af einhverjum ástæðum virðist ekki hafa verið mikill áhugi fyrir kynningarfundum þeim með stað- og svæðisbundnum upplýsingarnefndum, eða öðrum áhugasömum aðilum, sem vera átti laugardaginn 5. nóvember n.k. Hefur engin þátttökutilkynning borist og aðeins ein fyrirspurn.

Einhver mistök urðu hjá skrifstofunni þannig að útsending kynningarbréfs dróst úr hömlum þannig að bréf bárust ekki til deilda úti á landi fyrr en umsóknarfrestur var útrunninn. Hvort það á einhvern þátt í áhugaleysinu skal ósagt látið.

Þá hafði oddamaður í hugsunarleysi látið senda kynningarbréfið til allra AA-deilda í landinu, en ástæðulaust var að senda það til deilda á Stór-Reykjavíkursvæðinu og deilda á Akureyri þar sem þar eru þegar fyrir hendi svæðisbundnar upplýsingarnefndir. Nægilegt hefði verið að senda eintak af kynningarbréfinu til þeirra. Munum reyna að forðast slík mistök í framtíðinni til þess að valda ekki ruglingi.

- Ákveðið var að reyna enn einusinni fyrir sér með kynningarfund fyrir stað- og svæðisbundnar upplýsingarnefndir og aðra áhugasama aðila 10. desember n.k. í þeirri von, að einhverjum utan af landi dytti í hug að slá saman fundarsókn og innkaupaferð til Reykjavíkur á aðventunni.

Fundurinn verði sem sagt laugardaginn 10. desember 2005, kl. 16-18 að Bárugötu 35, 101-Reykjavík.

Frestur til að tilkynna þátttöku verði til miðvikudags 7. desember n.k.

Skrifstofunni falið að senda út sem fyrst kynningarbréf varðandi fundinn til allra deilda í landinu, nema á Akureyri og Stór-Reykjavíkursvæðinu, svo og til svæðisbundinna upplýsingarnefnda á Akureyri og í Reykjavík.

J. útbýr kynningarbréf og afhendir skrifstofunni til útsendingar.

Þáttökutilkynningar berist til: skrifstofu, J., eða L. í síma, eða með tölvupósti, fyrir 7. desember n.k.

Kynningarbréf varðandi fræðslufund um erfðavenjurnar, sem upplýsingarnefnd Samstarfsnefndar AA-deilda á Stór-Reykjavíkursvæðinu heldur sama dag kl. 14-16, fylgi með í viðhengi og býðst AA-mönnum utan af landi einnig þátttaka í honum.

- Oddamaður upplýsingarnefndar Samstarfsnefndar AA-deilda á Stór-Reykjavíkursvæðinu, G.K., greindi frá blómlegri starfsemi nefndarinnar og fyrirhuguðum kynningarverkefnum.
- Lítillega rætt um útgáfu á Þjónustuhandbókinni fyrir upplýsingarnefndir. Nokkrar efasemdir komu fram um hvort tímabært væri að gefa hana út í stóru

upplagi. Leyfa henni heldur að vera aðeins lengur í reynslu. Ræða þetta betur þegar fulltrúi AA-útgáfunnar er viðstaddur.

Næsti fundur Upplýsingarnefndar LFN: **Miðvikudaginn 7.12.2005**, kl. 20:00 á heimili oddamanns að Bárugötu 35, Reykjavík.

Á fundinum liggur fyrir:

- Gangur undirbúnings fyrir kynningarfund með stað- og svæðisbundnum upplýsingarnefndum, eða öðrum áhugasömum aðilum, er vera á laugardaginn 10. desember n.k.

Það er aðeins tillaga oddamanns að framfari umræða um ofanskráð atriði, en að sjálfsögðu eru önnur umræðuefni velkomin og vel þegin!

Bestu kveðjur. J.

Upplýsingarnefnd LPN

FUNDARGERÐ

Fundur haldinn á Bárugötu 35, R., **miðvikudaginn 7.12.2005:**

Mættir: J. og Pá.. Ei., P. og Vi. boðuðu forföll.

Þetta gerðist milli funda:

Sent var út til svæðisnefnda og deilda úti á landi kynningarbréf varðandi fund, sem Upplýsingarnefnd LPN boðaði til með stað- og svæðisbundnum kynningarnefndum og deildum úti á landsbyggðinni þar sem ekki eru starfandi svæðisnefndir, en áhugi er fyrir hendi að koma upp staðbundnum upplýsingarnefndum. Fundurinn var fyrirhugaður laugardaginn 10.12. nk. og þátttökutilkynningar áttu að berast fyrir 7.12. Engin tilkynning um þátttöku barst.

Þetta var helst rætt:

1. Varðandi væntanlegan kynningarfund var tekin sú ákvörðun, að fresta honum til síðari tíma þar sem augljóslega var enginn áhugi fyrir honum í bili.
Rætt var hvernig stæði á þessu áhugaleysi, hvort fólk á landsbyggðinni ætti ekki heimangengt á þessum árstíma, jólaannir, eða færð hömluðu?
Ákveðið að reyna enn einusinni að boða kynningarfund og nú í febrúar-mars með 4-6 vikna fyrirvara.
Síðan þarf að sjá til þess að tækifæri gefist til að hafa kynningar- og samstarfsfund með stað- og svæðisbundnum upplýsingarnefndum í tengslum við Þjónusturáðstefnuna í maí 2006.
2. Ýmislegt fleira bar á góma aðallega varðandi þjónustu innan Samtakanna, en engar fleiri ákvarðanir voru teknar.

Næsti fundur Upplýsingarnefndar LPN: **Miðvikudaginn 4.01.2006**, kl. 20:00 á heimili oddamanns að Bárugötu 35, Reykjavík.

Á fundinum liggur fyrir:

- Næsti kynningarfundur með stað- og svæðisbundnum upplýsingarnefndum og öðrum áhugasömum aðilum á landsbyggðinni.
- Starfsáætlanir nefndarinnar fyrirhluta 2006.

Það er aðeins tillaga oddamanns að fram fari umræða um ofanskráð atriði, en að sjálfsögðu eru önnur umræðuefni velkomin og vel þegin!

Bestu kveðjur. J.

Upplýsingarnefnd LÞN

FUNDARGERÐ

Fundur haldinn á Bárugötu 35, R., **miðvikudaginn 4.01.2006:**

Mættir: J., Ó., Pá. og P.. Ei. og Vi. boðuðu forföll.

Þetta var helst rætt:

3. Áfram var rætt um væntanlegan kynningar- og samstarfsfund með stað- og svæðisbundnum upplýsingarnefndum. Á síðasta fundi Upplýsingarnefndar LÞN var uppi hugmynd um að reyna aftur að hafa slíkan fund í febrúar nk. en sú skoðun varð nú ofaná að sá tími væri ekki heppilegur og eðlilegast að bíða með að halda slíkan fund þar til í tengslum við Þjónusturáðstefnuna í sumarbyrjum.
4. Í tillögur um starfshætti og stöðu upplýsingarnefndar LÞN, sem samþykkt var á Þjónusturáðstefnu 2004, stendur: *“Upplýsingarnefnd LÞN heldur reglulega vinnufundi með oddamönnum staðbundinna upplýsingarnefnda og áhugasömum sjálfboðaliðum a.m.k einusinni á ári t.d. í tengslum við árlega þjónusturáðstefnu. Þar er farið yfir mikilvæg atriði þjónustuhandbókar upplýsingarnefnda svo sem að leggja áherslu á erfðavenju nafnleyndar og beita aðlöðun en ekki áróðri í kynningarstarfinu. Jafnframt skulu ræddar hinar ýmsu leiðir til að fullnægja fimmtu erfðavenjuni og flytja alkóhólistum, sem enn þjást, boðskap samtakanna. Skoða skal hvaða tækifæri er hægt að nýta til þess á hverjum stað og hvernig”.* Ákveðið var að koma því á framfæri við Landsþjónustunefnd, að á næstu Þjónusturáðstefnu verði, í samræmi við framanskráð, einn af starfshópunum kynningar- og umræðuhópur varðandi starfsemi stað- og svæðisbundinna upplýsingarnefnda. Í hópnum verði fundarstjóri úr Upplýsingarnefnd LÞN og fulltrúar úr starfandi svæðisbundnum upplýsingarnefndum og fulltrúar deilda utan af landsbyggðinni.
5. Ákveðið var að óska eftir leyfi Útgáfunefndar og Landsþjónustunefndar til þess að setja þýðinguna á Þjónustuhandbók fyrir upplýsingarnefndir inn á AA-netið ásamt fundargerðum Upplýsingarnefndar LÞN.
6. Fulltrúi upplýsingarnefndar SSR, sem mætti á fundinum upplýsti að þar á bæ væri áhugi og góð virkni í starfseminni.
7. Ýmisleg fleiri efni bar á góma, aðallega varðandi Þjónusturáðstefnuna, fjármál og þjónustu innan Samtakanna, en engar fleiri ákvarðanir voru teknar.

Næsti fundur Upplýsingarnefndar LÞN: **Miðvikudaginn 1.02.2006**, kl. 20:00 á heimili oddamanns að Bárugötu 35, Reykjavík.

Á fundinum liggur fyrir:

- Starfsáætlanir nefndarinnar fyrirhluta 2006.
Það er aðeins tillaga oddamanns að fram fari umræða um ofanskráð atriði, en að sjálfsögðu eru önnur umræðuefni velkomin og vel þegin!

Bestu kveðjur. J.

Upplýsingarnefnd LÞN

FUNDARGERÐ

Fundur haldinn á Bárugötu 35, R., **miðvikudaginn 1.02.2006:**

Mættir: J., Ó., Pá. og Ei. P. og Vi. boðuðu forföll.

Þetta var helst rætt:

8. Áréttuð var ákvörðun síðasta fundar, að koma því á framfæri við Landsþjónustunefnd, að á næstu Þjónusturáðstefnu verði einn af starfshópnum kynningar- og umræðuhópur varðandi starfsemi stað- og svæðisbundinna upplýsingarnefnda. Í hópnum verði fundarstjóri úr Upplýsingarnefnd LÞN og einn, eða fleiri af meðlimum Upplýsingarnefndar LÞN, fulltrúar úr starfandi svæðisbundnum upplýsingarnefndum og fulltrúar deilda utan af landsbyggðinni.
9. Rætt var um að beina því til milli þinganefndar þeirrar, sem nú situr og endurskoðar uppbyggingu AA-samtakanna á Íslandi, að hún geri m.a. að tillögu sinni að á Þjónusturáðstefnum verði framvegis einn af starfshópum ráðstefnunnar kynningar- og umræðuhópur varðandi starfsemi stað- og svæðisbundinna upplýsingarnefnda (og samskonar starfshópar þá varðandi aðrar fastanefndir samtakanna er starfa allt árið).
10. Skrifstofu AA-samtakanna hefur í tölvubréfi 27.01. sl. borist beiðni frá fimm nemendum í fjölbrautarskóla um upplýsingar og aðstoð við að vinna verkefni er lýtur að því að kynna sér áfengissýki og aðferðafræði AA-samtakanna og það ferli, sem meðlimir þeirra ganga í gegnum. Þessu erindi hefur skrifstofan vísað til Upplýsingarnefndar LÞN til úrlausnar. Erindið var rætt. J. hefur þegar haft samband við viðkomandi fimmmenninga og boðið þeim að hann hitti þá til að veita þeim upplýsingar og aðstoð. Samþykkt var að hann ræði við þá, upplýsi þá og kanni hvort og hvernig nefndin geti aðstoðað þá innan þess ramma, er erfðavenjur leyfa.

Ekki voru fleiri ákvarðanir voru teknar.

Næsti fundur Upplýsingarnefndar LÞN: **Miðvikudaginn 1.03.2006**, kl. 20:00 á heimili oddamanns að Bárugötu 35, Reykjavík.

Á fundinum liggur fyrir:

- Framgangur þeirra mála, er að ofan getur.
Það er aðeins tillaga oddamanns að fram fari umræða um ofanskráð atriði, en að sjálfsögðu eru önnur umræðuefni velkomin og vel þegin!

Bestu kveðjur. J.

Upplýsingarnefnd LÞN

FUNDARGERÐ

Fundur haldinn á Bárugötu 35, R., **miðvikudaginn 1.03.2006:**

Mættir: J., L. og Ó.. Ei., Pá. og Vi. boðuðu forföll.

Þetta gerðist milli funda:

J. og P. hittu fimm menninga úr Fjölbrautarskóla Garðabæjar á fundi og veittu þeim umbeðnar upplýsingar um starfshætti og bataleiðir AA-samtalanna og aðstoðuðu þá í samræmi við það, sem rætt var á síðasta fundi.

Þetta var helst rætt:

LÞN samtakanna barst beiðni um að haldinn yrði kynningarfundur um AA-samtökin fyrir starfsfólk sjúkrahússins í Vestmannaeyjum og var henni vísað til Upplýsingarnefndar LÞN til úrlausnar. Var rætt um að halda samskonar kynningarfund þar og upplýsingarnefnd samstarfsnefndar svæðisnefnda á Reykjavíkursvæðinu hefur haldið á nokkrum sjúkrahúsum í Reykjavík.

Var ákveðið að athuga hvort upplýsingarnefnd SSÁR vill og getur tekið að sér þetta verkefni þar sem þar er þegar góð reynsla fyrir hendi. Þetta þarf að gerast í samstarfi við heimamenn. Ó. ætlar að kanna þetta og koma því áleiðis. J. mun hafa samband við El. varðandi tengil í Vestmannaeyjum og láta Ó. vita.

Ýmislegt meir almenns eðlis var rætt, en ekki voru fleiri ákvarðanir teknar.

Næsti fundur Upplýsingarnefndar LÞN: **Miðvikudaginn 5.04.2006**, kl. 20:00 á heimili oddamanns að Bárugötu 35, Reykjavík.

Á fundinum liggur fyrir:

- Framgangur þeirra mála, er að ofan getur.
- Kynning á AA í tengslum við afmælisfundinn.
- Kynning staðbundinna upplýsingarnefnda á AA í skólum?

Það er aðeins tillaga oddamanns að fram fari umræða um ofanskráð atriði, en að sjálfsgöðu eru önnur umræðuefni velkomin og vel þegin!

Bestu kveðjur. J.

Upplýsingarnefnd LPN

FUNDARGERÐ

Fundur haldinn á Bárugötu 35, R., **miðvikudaginn 5.04.2006:**

Mættir: J. og Ei. P., Pá. og Vi. boðuðu forföll.

Þetta var helst rætt:

Á síðasta fundi LPN komu fram óskir um, að reynt verði að nýta það tækifæri, sem skapast gagnvart fjölmiðlum í tengslum við afmæli AA-samtakanna á Íslandi á Föstudaginn langa, til kynningar á samtökunum, starfi þeirra og bataleiðum.

K.E. tók að sér að reyna að koma á tengslum við þáttargerðarfólk á ljósvakafjölmiðlunum og mun skrifstofan síðan hafa samband við þáttargerðarfólkið. Upplýsingarnefnd LPN þarf í framhaldi af því að sjá um kynninguna.

Rætt var um innihald slíkra kynninga. J. mun koma nokkrum punktum á blað og senda til nefndarmanna í tölvupósti til gagnrýni, endurbóta og umsagnar.

Ei. er tilbúinn til að koma fram í hljóðvarpinu sé þess óskað og J. þá í sjónvarpi.

Næsti fundur Upplýsingarnefndar LPN: **Miðvikudaginn 3.05.2006**, kl. 20:00 á heimili oddamanns að Bárugötu 35, Reykjavík.

Á fundinum liggur fyrir:

- Undirbúningur undir þjónusturáðstefnu 13. maí nk. í Vídistaðaskóla Hafnarfirði.
- Framgangur kynningarfundar um AA-samtökin fyrir starfsfólk sjúkrahússins í Vestmannaeyjum
- Kynning staðbundinna upplýsingarnefnda á AA í skólum?
- Kynningarefni varðandi AA-samtökin á Íslandi, innihald, framsetning o.s.v.frv. Það er aðeins tillaga oddamanns að fram fari umræða um ofanskráð atriði, en að sjálfsögðu eru önnur umræðuefni velkomin og vel þegin!

Bestu kveðjur. J.

Upplýsingarnefnd LPN

FUNDARGERÐ

Fundur haldinn á Bárugötu 35, R., **miðvikudaginn 3.05.2006:**

Mættir: J. og Pá..

Þetta var helst rætt:

- Pá. lagði fram til kynningar uppkast að tillögum Milliþinganefndar að uppbyggingu AA-samtakanna á Íslandi og var það rætt, einkum þó uppbygging og hlutverk "Ráðstefnu-upplýsinganefndar". Henni er eingöngu ætlað að starfa á Þjónusturáðstefnunni. Í nefndinni eiga sæti 10 einstaklingar og skipar Upplýsingarnefnd LPN 2, Vefnefnd 1 og staðbundnar samstarfsnefndir 5, en 2 eru kosnir á þjónusturáðstefnu árið áður. Nefndinni er ætlað að:
 - kynna þjónustuhandbók upplýsingarnefnda með sérstakri áherslu á þær erfðavenjur, er áreynir í kynningarstarfi út á við;
 - kynna gögn, sem nýta má við upplýsingarstarf og ræða leiðir til að flytja alkóhólistum, sem enn þjást boðskap AA-samtakanna.
- Upplýsingarnefnd LPN er ætlað að halda vinnufund með oddamönnum staðbundinna upplýsingarnefnda og áhugasömum sjálfboðaliðum í tengslum við árlega þjónusturáðstefnu. Rætt var hvort ekki mætti koma á svipað uppbyggðum fundi og umræðir í liðnum hér á undan, í hans stað á þjónusturáðstefnu þessa árs. J. mun ræða það við oddamann LPN og þann aðila, er deilir fulltrúum niður í umræðuhópa á þjónusturáðstefnunni.
- J. greindi frá stuttri kynningu á AA-samtökunum, sem hann og Ei. tóku þátt í á Rás 2 sunnudaginn fyrir afmæli AA-samtakanna á Íslandi.
- Varðandi skýrslu Upplýsingarnefndar LPN mun J. gera uppkast að henni og senda nefndarmönnum í tölvupósti til yfirlestrar og athugasemda. Hún verður síðan flutt á þjónusturáðstefnunni 13. maí n.k. af einhverjum nefndarmanna.
- Þau P. og A.M. voru kosin á þjónusturáðstefnu 2004 til tveggja ára og hafa því lokið þjónustustörfum sínum í Upplýsingarnefnd LPN að þessu sinni. Kjósa þarf því á næstu þjónusturáðstefnu 2 félagi í þeirra stað.

Næsti fundur Upplýsingarnefndar LPN: **Miðvikudaginn 7.06.2006**, kl. 20:00 á heimili oddamanns að Bárugötu 35, Reykjavík.

Á fundinum liggur fyrir:

- Þjónusturáðstefna AA-samtakanna 13. maí sl.
 - Framgangur kynningarfundar um AA-samtökin fyrir starfsfólk sjúkrahússins í Vestmannaeyjum.
- Það er aðeins tillaga oddamanns að fram fari umræða um ofanskráð atriði, en að sjálfsgöðu eru önnur umræðuefni velkomin og vel þegin!

Bestu kveðjur. J.